

Tilraunir með heima- og staðpróf undanfarin ár

Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson

Ágrip

Inngangur

Þegar Covid-19 skall á, þá þurftu skólar landsins, þar á meðal Háskóli Íslands, að aðlaga sinni kennslu og námsmati að breyttum tímum. Á þeim tíma var lögð áhersla á að bjóða upp á ritgerðir, verkefni eða heimapróf í stað hefðbundinna lokaprófa á háskólasvæðinu. Undanfarin ár, þá hefur einnig verið gerð aukin krafa almennt um að vera með fleiri próf rafræn frekar en á staðnum og einnig hafa verið fleiri óskir um að geta tekið próf heima.

Heimapróf hafa verið notuð í ýmsum myndum lengi og fela almennt í sér að nemendum er treyst til að vinna prófin samviskusamlega og fylgja þeim fyrirmælum sem gefin eru með prófunum, t.d. varðandi hvort og þá hvaða hjálpargögn séu heimil, hvort samvinna sé leyfð og annað þess háttar. Með þróun rafrænna lausna er nú hægt að skipuleggja heimapróf á fjölbreyttari hátt en áður, en oft getur reynst erfitt að sannreyna hvort fyrirmælum var samviskusamlega fylgt.

Því miður hefur það gerst að einhverjir nemendur hafi gerst sekir um að vinna saman að prófurlausnum þegar slíkt var óheimilt, eða finna lausnir á netinu. Það er þó mikilvægt að muna að það eru alls ekki allir nemendur sem að gera slíkt, en þetta bitnar oft mest einmitt á öllum þeim nemendum sem vinna samviskusamlega að prófverkefnum.

Í þessu erindi var sérstaklega fjallað um tvær tilraunir sem gerðar voru með rafræn heimapróf síðastliðin tvö ár.

Aðferðir

Einn þáttur sem hefur áhrif á möguleikann til að afla sér svara með einum eða öðrum hætti frá netinu er próftíminn. Haustönn 2020 var því ákveðið að prófa að skipta lokaprófinu í lífrænni efnafræði 1 upp í þrjá hluta. Nemendur höfðu allt að eina klukkustund til að vinna hvern hluta, samtals allt að þremur klukkustundum, en þau þurftu að skila hverjum hluta fyrir sig áður en þau gátu byrjað á næsta hluta. Enginn tími fylgdi yfir í næsta hluta prófsins. Prófið var skipulagt þannig að hver hluti hefði eins konar þema og fengu nemendur upplýsingar um þema hvers hluta fyrir sig fyrirfram. Fyrsti hlutinn var einungis spurningar sem var hægt að svara beint á netinu. Í öðrum hluta voru síðan spurningar sem prófuðu úr náskyldum hæfniviðmiðum og í þriðja hluta voru aðrar spurningar sem féllu ekki undir einn af fyrri flokkunum. Til að geta borið niðurstöður prófsins saman við staðpróf, þá voru allar prófspurningar þær sömu og höfðu verið notaðar í lokaprófi námskeiðsins 2019 og eftir prófið var tölfraði lokaprófanna 2019 og 2020 borin saman.

Í námskeiðinu hafa einnig verið 3 miðannarpróf sem gilda til upphækkunar. Haustönn 2021 var sú nýjung gerð að nemendur fengu að velja sjálf hvort þau tækju prófið á staðnum á pappír, eða á netinu heima. Sama próf var lagt fyrir alla óháð staðsetningu en fyrir heimaprófin þurftu nemendur að skrifa sum svaranna á pappír, taka mynd og senda inn, og fengu þau aukalega 5 mínútur til þess að gera það. Nemendur fengu líka að taka með sér nokkrar blaðsíður af undirbúnum glósum í miðannarprófin. Tölfraði nemendahópsins í heild var síðan borin saman við tölfraði fyrri ára til að sjá hversu mikil áhrif undirbúna glósumnar höfðu. Einnig var tölfraði prófeinkunna borin saman hjá hópnum sem tóku prófin heima annars vegar og á staðnum hins vegar.

Niðurstöður

Frammistaða nemenda í þrískipta heimaprófinu haustönn 2020 bar saman við frammistöðu nemendanna í lokaprófinu haustönn 2019, þegar lokaprófið hafði verið haldið sem staðpróf og með sömu spurningum. Hlutfall þeirra sem voru skráð í námskeiðið og náðu lokaprófinu voru í báðum tilfellum tæp 72%, og hin 28% mættu annað hvort ekki í prófin eða náðu ekki lágmarkseinkunn til að standast. Meðaleinkunnin haustönn 2020 var örlítið hærri, eða rúmlega 3% hærri, en svipaðar sveiflur í meðaleinkunn hafa sést milli árganga og voru því túlkaðar sem eðlilegar sveiflur.

Í annarprófunum 2021, þá var fjöldi nemenda sem valdi að taka prófin sem staðpróf nokkuð svipaður fjöldi nemenda sem valdi að taka prófin heima. Þeir nemendur sem völdu að taka prófin á staðnum stóðu sig þó almennt töluvert betur en þau sem völdu að taka prófin heima. Meðaleinkunn þeirra sem tóku prófið á staðnum reyndist vera um 20-25% hærri í öllum tilvikum, samanborið við meðaleinkunn þeirra sem tóku prófið heima. Þar að auki voru í öllum prófunum alltaf um það bil 40% fleiri af þeim sem tóku prófið á staðnum sem náðu lágmarkseinkunn, 47,5%. Þegar heildarniðurstaða annarprófanna var borin saman við heildarniðurstöðu annarprófa fyrri ára, þá reyndist ekki vera marktækur munur á meðaleinkunnum, þó að nemendur haustsins 2021 fengju að vera með glósur með sér í prófinu, en fyrri árgangar hefðu ekki fengið það.

Umræður

Túlkun rannsakenda á niðurstöðunum er að þær gefa til kynna að nemendur hafi unnið prófin samviskusamlega og fylgt tilsettum reglum, bæði í lokaprófinu 2020 sem nemendur tóku heima og í heimaprófunum 2021. Ef ske kynni einhverjir hafi reynt að nýta sér óheimil hjálpargögn, þá virðist það a.m.k. ekki hafa borið mikinn árangur.

Þegar einkunnir þeirra sem tóku miðannarprófin 2021 á staðnum eru borin saman við frammistöðu þeirra sem tóku þessi próf heima, þá vakti athygli hversu mikill munurinn var á einkunnum. Þrátt fyrir það var heildarmeðaltal sambærilegt og fyrri ár og því virðast þeir nemendur sem voru betur undirbúnir hafa valið að taka prófin frekar á staðnum. Mat rannsakanda var að þetta voru líka þeir nemendur sem höfðu almennt verið að mæta í staðtímana. Þetta gefur þó tilefni til frekari rannsókna og verður skoðað nánar á komandi kennsluári, ásamt því að mögulega verður athugað að heimila fleiri hjálpargögn í prófum næsta vetrar.

Lokaorð

Það er gleðiefni að nemendurnir hafi staðið undir traustinu sem þeim var sýnt. Eitt af markmiðum rannsakanda er að ýta undir námsumhverfi þar sem að nemendur upplifi að þeim sé treyst og að þau sýni það í verki að þau séu traustins verð og er vonin að það verði raunin áframhaldandi.